

Ég óska formlega eftir fjárveitingu að upphæð 350.000 kr. fyrir félagsmiðstöðina í Zion.

Vegna flutninga félagsmiðstöðvarinnar í nýtt húsnæði er kominn tími til þess að kaupa nýjan búnað í nýja rýmið. Allur búnaður Zion er kominn til ára sinna og löngu orðið tímabært að uppfæra nokkra hluti. Það er mitt mat að nú sé tilvalið að fjárfesta í nýjum sófa og hrúgaldi (grjónasekk) til þess að aðstæður félagsmiðstöðvarinnar verði viðunandi.

Kostnaður fyrir hornsófa er um 250.000 kr. og hrúgald um 100.000 kr.

Unglingar Djúpavogs hyggjast sömuleiðis safna féi sem gæti greitt flutningskostnað og kaup á öðrum smávægilegum en nauðsynlegum búnaði fyrir Zion.

Ég óska eftir að umsókn þessi verði tekin fyrir á næsta fundi þar sem fjárveitingar eru á dagskrá og niðurstöður kynntar í kjölfarið.

Virðingarfyllt,

William Óðinn Lefever, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zion.